

Jón Þór Lemery – pistill frá Halkidiki

1 MÓTIÐ SJÁLFT

Í apríl síðastliðnum tók ég þátt í alþjóðlegu skákmóti áhugamanna sem nefnist, "*The 2016 World Amateur Chess Championship*," sem var haldið í Halkidiki á Grikklandi. Þetta var hefðbundið níu umferða mót sem teft var á níu dögum. Aðstaðan á mótinu var mjög skemmtileg. Það var haldið á fimm stjörnu hóteli nánast úti í sveit, alveg við ströndina. Það var mikill lúxus á hótelinu, herbergið okkar var á tveimur hæðum og í því voru tvö baðherbergi og stofa. Sundlaugagarðurinn var mjög fallegur en, eins og við má búast á alþjóðlegu skákmóti, var hann ekki mikið notaður fyrr en síðasta skákin hafði verið tefld.



2 FÓLKIÐ Á MÓTINU

Það var mikil breidd í þátttakendahópnum. Þar var fólk á öllum aldri og af öllum þjóðernum. Í mínum flokki (U1700) voru 48 þátttakendur, að mér meðtöldum. Ég var hins vegar eini Íslendingurinn og saknaði stundum vina minna. Elsti þátttakandinn var 86 ára gamall, sjónþapur Grikki sem heitir því kaldhæðnislega nafni Achilleas. Hann sá svo illa að hann varð alltaf að spila sömu megin við borðið burtséð frá því hvort hann væri með svart eða hvítt.

Tveir aðrir keppendur vöktu sértaka athygli mína, Gaspar frá Rúmeníu og Jatin frá Indlandi. Ég kunni alveg sérstaklega vel við Gaspar þó hann væri 30 árum eldri en ég. Hann sá heiminn í öðruvísi ljósi en við hin. Hann er menntaður tannlæknir og þurfti að hætta í skákinni þegar hann var sextán ára gamall því foreldrar hans sögðu að það væri ekkert pláss fyrir slíkt. Hann gleymdi

henni samt aldrei og byrjaði aftur að tefla hálfu ári fyrir mótið á Grikklandi. Út af þessu var hann sífellt að segja við mig og aðra að við ættum alltaf að gera það sem við viljum en ekki fara eftir hugmyndum annarra.

Jatin er, hins vegar, öðruvísi karakter. Hann er á mínum aldri og mjög alvörugefinn. Hann vann 8 skákir og gerði eitt jafntefli, sem er kannski ekki undarlegt því foreldrar hans tóku hann úr grunnskóla þremur mánuðum fyrir mótið og réðu skákþjálfara sem var með honum alla daga frá morgni til kvölds. Jatin býr auðvitað í allt öðrum menningarheimi en ég og get ég alls ekki séð fyrir mér að íslenskir foreldrar myndu gera eitthvað þessu líkt.

3 LEIKIRNIR

Eins og áður segir voru leikirnir níu talsins. Skákumferðirnar hófust allar klukkan 15:00 daglega nema sú síðasta sem hófst klukkan 10:00 að morgni. Allar skákirnar voru mjög skemmtilegar og taugatrekkjandi. Á þessu skákmóti spilaði ég í fyrsta sinn á live borði. Þó það hafi verið mjög skemmtileg reynsla þá fann ég fyrir verulegri pressu að vita að vinir mínir og kunningjar væru að fylgjast með mér.

Ég vann fyrstu tvær skákirnar mínar en gerði svo jafntefli í þeirri þriðju. Allt í allt vann ég fimm skákir, tapaði tveimur og gerði tvö jafntefli. Ég spilaði misvel, var ánægður með sumt en óánægður með annað. Ég endaði á því að vera jafn þremur öðrum keppendum í fjórða sæti og hækkaði um 37 stig.

Minnstæðasta skákin sem ég tefldi var við Mehdi Hosseinali, sem er frá Íran. Það sem var, að mínu mati, merkilegt við þessa skák var að ég hafði aldrei prófað þessa leikjaröð á móti Sämisch í King's Indian Defence.



Ég ásamt Mehdi Hosseinali og öðrum

Ég var ekki búinn að skoða byrjunina nógu vel þannig að um leið og við komum að tíunda leik var ég orðinn algjörlega villtur. Sem betur fer lékum við báðir einhverjum ónákvæmum leikjum fram að tuttugasta og fimmta leik en þá náði ég einhvern veginn að klóra mig í gegnum næstu leiki á eftir. Síðar í leiknum átti hann nokkra möguleika á því að vinna en ég náði svo þínu “comebacki” og landaði öruggu jafntefli í lok skákinnar.

Hér má sjá leikjaröðina:

d4 Nf6 2. c4 g6 3. Nc3 Bg7 4. e4 d6 5. f3 O-

O 6. Be3 c5 7. dxc5 dxc5 8. Qxd8 Rxd8 9. Bxc5Nc6 10. Rc1 Nd7 11. Ba3 Nde5 12. Nd5 e6 13. Ne7+ Nxe7 14. Bxe7 Rd7 15. Ba3 b6 16. Rd1Rxd1+ 17. Kxd1 Ba6 18. b3 Rd8+ 19. Kc2 Bh6 20. Bc1 Bxc1 21. Kxc1 Nd3+ 22. Bxd3 Rxd3 23. Ne2 b5 24. Nf4 Rd7 25. cxb5 Bxb5 26. Rd1Rc7+ 27. Kb2 Kg7 28. a4 Ba6 29. Rd2 Kf6 30. g3 g5 31. Ng2 Ke5 32. Ne3 h5 33. h3 f6 34. b4Bb7 35. Kb3 f5 36. Nc4+ Kf6 37. e5+ Ke7 38. f4gxf4 39. gxf4 Bd5 40. Rd4 h4 41. b5 Bg2 42. Rd3 Bf1 43. Rc3 Kd8 44. Nd2 Rxc3+ 45. Kxc3Bg2 46. Kb4 Kc8 47. Kc5 Kc7 48. a5 Kd7 49. b6 a6 50. Kd4 Kc6 51. Ke3 Bd5 52. Nf3 Kb5 53. Nd4+ Kxa5 54. Nxe6 Kxb6 55. Ng7 Kc7 56. Nxf5 Be6 57. Nxf4 Bxh3 58. Nf3 Kc6 59. Ng5Bf5 60. Kd4 Bg6 61. Ne4 a5 62. e6 a4 63. Nc3Kd6 64. Nxa4 Kxe6 1/2-1/2

Ég vil þakka Skáksambandi Íslands og Taflfélagi Reykjavíkur fyrir frábæran stuðning!

Kveðja,

Jón Þór Lemery